

FRÉTTABRÉF
FRÆÐSLUNEFNDAR FIE

APRÍL 2008

Í ÞESSU
FRÉTTABRÉFI:

LAGAFRUM- VARP UM ENDUR- SKOÐENDRU	1
SÍÐAREGLUR IIA	2
IT-AUDITING WHY BOTHER?	3
KREPPUTAL	3
MISFERLI Í MAÍ	4
BREYTT FYRIR- KOMULAG CIA- PRÓFA	4

LAGAFRUMVARP UM ENDURSKOÐENDUR

Núna fyrir nokkrum dögum var lagt fram á Alþingi lagafrumvarp um endurskoðendur. (sjá: www.althingi.is/altext/135/s/0827.html). Meginviðfangs-efni frumvarpsins er að koma nýrri Evróputilskipun um endurskoðendur reikningsskila inn í íslensk lög (sjá: eur-lex.europa.eu/LexUriServ/LexUriServ.do?uri=OJ:L:2006:157:0087:0107:EN:PDF). Með frumvarpinu er verið að herða mjög kröfur til ytri endurskoðenda.

Frumvarp þetta varðar þá sem starfa við innri endurskoðun nokkru, því að lög um endurskoðendur mark hlutverk ytri endurskoðanda og marka því óbeint einnig að hluta hlutverk innri endurskoðunar.

Í núgildandi lögum er öðrum en löggiltum endurskoðendum bannað að nota starfsheitið endurskoðandi. Innri endurskoðendur hafa því ekki getað notað orðið endurskoðandi í starfsheiti sínu. Í 4. gr. frumvarpsins er lagt til að úr þessu verði bætt og ber að fagna því.

Ýmis önnur athyglisverð ákvæði eru að finna í frumvarpinu. Auk þess sem athygli vekur að ýmis ákvæði sem eru að finna í Evróputilskipuninni hefur verið sleppti í frumvarpinu. Til dæmis má nefna atriði sem tengast innri endur-

skaðun óbeint en í frumvarpinu er sleppt að minnst á takmarkanir á “non-audit services” þegar fjallað er um óhæði ytri endurskoðenda (19. gr.). Einnig hefur hugtakið „self-review“ og takmarkanir á því ekki ratað inn í frumvarpið. Þannig verður ekki séð af frumvarpinu að verið sé að taka upp hömlur tilskipunarinnar á ýmsa aukþjónustu sem ytri endurskoðenda hafa verið að veita fyrirtækjum sem þeir endurskoða s.s. eins og aðstoð við gerð reikningsskila, útreikning ýmissa matsliða s.s. skuldbindinga eða ýmsa verkþætti sem flokka mætti til innri endurskoðunar. Ástæður þess að Evrópusambandið taldi nauðsynlegt að herða reglur um ytri endurskoðun má rekja til Enron málsins og fleiri sambærilegra mála sem komu upp á svipuðum tíma. Eitt af þeim atriðum sem fór úrskeiðis í Enron málinu var að ytri endurskoðandi fyrirtækisins sá jafnframt um innri endurskoðun þess auk annarra þátta. Þannig var sami aðillinn í umfangsmikilli ráðgjafahlutverki ásamt því að vott áreiðanleika reikningsskilanna. Viðbrögð bandaríkja þings og Evrópusambandsins voru m.a. þau að 1.) bæta innra eftirlit í fyrirtækjum, 2.) takmarka hlutverk ytri endur-

skaðenda við endurskoðun reikningsskila til þess að auka óhæði slíkra vottana þ.e. greina á milli endurskoðenda og reikningshaldara 3.) Koma á opinberu eftirliti með ytri endurskoðendum í stað þess að treysta á gæðaeftirlit fagfélaga ytri endurskoðenda. Frumvarpið gerir einungis ráð fyrir því að opinbert eftirlit sé haft með því að haft sé eftirlit með endurskoðendum. En ekki beinu opinberu eftirliti eins og segir í tilskipuninni. Ekki verður annað séð en að íslenska frumvarpið gangi skemur en tilskipun Evrópusambandsins. Verkaskipting milli innri endurskoðunar og ytri endurskoðunar gæti því verið skýrari í frumvarpinu.

Til viðbótar mætti nefna að í 1. gr. nýja frumvarpinu er að finna skilgreiningu á hugtakinu „endurskoðun“ sem ekki er að finna í gömlu lögunum og ekki heldur í tilskipun Evrópusambandsins. Verkefni innri endurskoðunar rúmast ekki innan þessa hugtaks frumvarpsins. Í EB tilskipuninni er að finna skilgreiningu á hugtakinu „statutory audit“ en það er skilgreint með öðrum hætti en „endurskoðun“ í frumvarpinu. Fræðslunefndin hvetur félagsmenn til þess kynna sér umrætt frumvarp.

ÁHUGAVERÐ
ATRÍÐI:

- Síðareglur IIA
- Nýtt frumvarp til laga um endurskoðendur
- Áhugi á að stofna faghóp um endurskoðun upplýsingakerfa.
- Krepputal—morgunverðarfundur í apríl.

SÍÐAREGLUR IIA

INNGANGUR

Tilgangur síðareglna félagsins er að hvetja til síðlegrar hegðunar innri endurskoðenda.

Innri endurskoðun er starfsemi sem veitir óháða og hlutlæga staðfestingu og ráðgjöf sem ætlað er að vera virðisaukandi og bæta rekstur fyrirtækja og stofnana. Innri endurskoðun leggur mat á og bætir virkni áhættustýringar, eftirlitsaðferða og stjórnarháttanna með kerfisbundnum og öguðum vinnubrögðum og styður þannig viðkomandi fyrirtæki eða stofnun í því að ná markmiðum sínum.

Síðareglur eru nauðsynlegar og viðeigandi fyrir innri endurskoðendur. Innri endurskoðun er byggð á traustum grunni sem er hlutlægt mat á áhættustjórnun, eftirliti og stjórnarháttum fyrirtækja. Síðareglur félagsins ná til víðara sviðs en fram kemur í skilgreiningunni á innri endurskoðun. Síðareglurnar samanstanda af tveimur þáttum:

1. Grunnreglur sem eiga við um fagið og framkvæmd innri endurskoðunar;
2. Hegðunarreglur lýsa æskilegri hegðun innri endurskoðenda. Hegðunarreglurnar eru túlkandi á grunnreglunum í framkvæmd og er þeim

ætlað að leiðbeina innri endurskoðendum um síðlega hegðun.

Síðareglurnar ásamt alþjóðlegum innri endurskoðunarstöðlum (IIA Profesional Practice Framework) og öðrum viðeigandi túlkunum IIA eru leiðbeinandi fyrir innri endurskoðendur. Með „innri endurskoðendum“ er átt við félaga í IIA, þá sem leita eftir eða hafa hlotið faggildingu frá IIA og þá sem veita innri endurskoðunarþjónustu skv. skilgreiningunni á innri endurskoðun.

BEITING SÍÐAREGLNANNA

Síðareglur þessar eiga bæði við um einstaklinga og skipulagsheildir sem veita þjónustu á sviði innri endurskoðunar.

Brot félaga í IIA og þeirra sem fengið hafa faggildingu frá IIA á síðareglunum munu verða metin í samræmi við lög IIA og verklagsreglur. Sú staðreynd að ekki sé minnst á tiltekna hegðun í hegðunarreglunum, þýðir ekki sjálfkrafa að viðkomandi hegðun sé ásættanleg og kunna félagar í IIA, þ.e. þeir sem hlotið hafa faggildingu, að sæta refsingar vegna hegðunar sinnar.

GRUNNREGLUR

Til þess er ætlast að þeir sem starfa við innri endurskoðun fylgi eftirfarandi grunnreglum:

Heilindi

Heilindi innri endurskoðenda byggja upp traust og verða þannig grundvöllur fyrir því að hægt sé að treysta á mat þeirra.

Hlutlægni

Innri endurskoðendur skulu sýna mikla faglega hlutlægni við söfnun, mat og framsetningu upplýsinga um þau verkefni eða ferli sem eru til skoðunar. Innri endurskoðendur setja fram vegið mat af aðstæðum sem ekki er of lítað af þeirra eigin hagsmunum eða annarra.

Trúnaður

Innri endurskoðendur virða gildi og eignarhald á þeim upplýsingum sem þeim hefur verið veittur aðgangur og upplýsa ekki um þessi atriði án viðeigandi leyfis nema lagalegar eða faglegar skyldur segi til um það.

Færni

Innri endurskoðendur beita þeirri þekkingu, færni og reynslu sem nauðsynleg er til þess að veita innri endurskoðunarþjónustu.

HEGÐUNARREGLUR

1. Heilindi

Þeir sem starfa við innri endurskoðun:

- 1.1. Skulu gegna störfum sínum af heiðarleika, kostgæfni og ábyrgð.
- 1.2. Skulu fylgja lögum og upplýsa um það sem af þeim er krafist, jafnt

lagalega sem faglega.

1.3. Skulu ekki vísitandi taka þátt í ólöglegu athæfi eða verknaði sem rýrir traust á stétt innri endurskoðenda eða fyrirtækinu sem þeir vinna hjá.

1.4. Skulu virða og stuðla að því að fyrirtækið sem þeir vinna hjá nái löglegum og síðlegum markmiðum sínum.

2. Hlutlægni

Þeir sem starfa við innri endurskoðun:

2.1. Skulu ekki taka þátt í eða tengjast neinu sem skert getur í reynd eða ásýnd hlutlægt mat þeirra. Með þessu er átt við þátttöku eða tengsl við hvert það athæfi sem kann að vera í andstöðu við hagsmuni fyrirtækisins sem viðkomandi vinnur hjá.

2.2. Skulu ekki þiggja neitt sem getur skaðað í reynd eða ásýnd faglegt mat þeirra.

2.3. Skulu upplýsa um öll efnislega mikilvæg atriði. Ef ekki er upplýst um viðkomandi atriði kann það að bjaga skýrslugjöf um það atriði sem er til skoðunar.

3. Trúnaður

Þeir sem starfa við innri endurskoðun:

3.1. Skulu fara gætilega með og vernda upplýsingar sem þeir vinna með í störfum sínum.

3.2. Skulu ekki nota upplýsingar til persónulegs ábata eða á annan hátt sem andstæður er lögum eða sem er skaðlegur löglegum og siðlegum markmiðum fyrirtækisins sem þeir vinna hjá.

4. Færni

Peir sem starfa við innri endurskoðun:

4.1. Skulu eingöngu veita þjónustu á þeim sviðum þar

sem þeir hafa nægilega þekkingu, færni og reynslu.

4.2. Skulu veita innri endurskoðunarþjónustu sem er í samræmi við alþjóðlega staðla um innri endurskoðun (International Standards for Professional Practice of Internal Auditing.)

4.3. Skulu stöðugt vinna að því að bæta færni sína, markvirkni og gæði þjónustu

sinnar.

Samþykkt af stjórn IIA, 17. júní 2000.

Copyright © 2000 by The Institute of Internal Auditors, 247 Maitland Avenue, Altamonte Springs, Florida 32701-4201.

Permission is hereby given to duplicate and translate this Code provided no substantive changes are made.

MORGUNVERÐARFUNDUR Í MARS – ENDURSKOÐUN UPPLÝSINGAKERFA – „IT-AUDITING WHY BOTHER?“

Þriðjudaginn 18. mars var haldinn morgunverðarfundur í Víkingasal hótels Loftleiða kl. 8:30. Fundarefnið verður „IT-Auditing why bother?“ og var fyrirlesturinn fluttur á ensku. Upplýsingakerfi spila sífellt stærra hlutverk í fyrirtækjum og stofnunum. Þeir sem starfa við innri endurskoðun þurfa því stöðugt að fást við upplýsingakerfi í störfum sínum.

Fyrirlesari var Andrew Khan Jackson sem starfar við endurskoðun upplýsingakerfa frá PWC. Andrew er Breti sem nýkominn er til starfa hjá PWC á Íslandi. Í honum fór hann yfir hvaða atriðum er hugað að við endurskoðun upplýsingakerfa. Fyrirlestur Andrews var fróðlegur. Í máli hans kom m.a. fram að núna er í undirbúningi stofnun faghóps um

endurskoðun upplýsingakerfa, þ.e. vettvangs fyrir þá sem starfa við eða hafa áhuga á málinu. Hér á landi eru í dag eru starfandi ýmsir áhugahópur um öryggi upplýsingakerfa en engin sem leggur áherslu á endurskoðun upplýsingakerfa. Þeir sem áhuga hafa á því að taka þátt í stofnun slíks hópi eru ættu að setja sig í samband við Andrew.

Siðareglur IIA er eitt af grundvallar skjölum samtakanna.



Helstu tákni höfuðborgarsvæðisins á undanföllum misserum. Hallgrímskirkja og byggingakranar.

KREPPUTAL—MORGUNVERÐARFUNDUR Í APRÍL

Nú er efnahagslífið í niðursveiflu sem ekki sér fyrir endan á. Reynir ekki meira á innri endurskoðun á tímum niðursveiflu heldur en á tímum góðæris? Þarf ekki að breyta áherslum í innri endurskoðun á tímum niðursveiflu? eru það ekki aðrir áhættuþættir í rekstri fyrirtækja á tímum niðursveiflu heldur en eru mikilvægast á tímum mikillar uppsveiflu? Þessi atriði eru meðal þess sem verður fjallað um á næsta morgunverðarfundum sem haldin verður 29. apríl n.k. á öðrum fundarstað en venjulega þ.e Hilton Reykjavík Nordica hótél kl. 08:30-10:00. Fyrirlesarar verða Ragnar Hafliðason frá Fjármálaeftirlitinu og Sigurjón G. Geirsson innri endurskoðandi Landsbankans.

Heimasíða félagsins er:

www.fie.is

FÉLAG UM INNRI ENDURSKOÐUN



Frostaskjóli 91
107 Reykjavík
Netfang: fie@fie.is

Fræðslunefnd FIE:

Nanna Huld Aradóttir, CIA
Anna Margrét Jóhannesdóttir, CIA
Albert Ólafsson, CISA, CIA

MISFERLI Í MAÍ

Í maí er ætlunin að halda morgunverðarfund um fjármálamisferli (fraud and fraud related matters). Ekki er búið að tímasetja þennan fund og verður hann auglýstur síðar.

Fyrirlesarar verður tveir: Lilja Steinþórsdóttir innri endurskoðandi Kaupþings og annar fyrirlesari sem kynntur verður síðar.

Félag um innri endurskoðun er samstarfsvettvangur þeirra sem starfa við innri endurskoðun í fyrirtækjum og stofnunum. Markmið félagsins er að efla innbyrðis tengsl og kynningu þeirra sem starfa við fagið, vera vettvangur til að styrkja fagleg vinnubrögð, styrkja þróun innri endurskoðunar og faglega umræðu, auk þess að vera leiðandi rödd stéttarinnar út á við. Félagið er aðili að The Institute of Internal Auditors Inc. - www.theiia.org

FRAMPRÓUN MEÐ SAMSTARFI (PROGRESS THROUGH SHARING)



Endur skoða endur.

BREYTT FYRIRKOMULAG CIA-PRÓFA

Nú í maí 2008 verður tekið upp nýtt fyrirkomulag á framkvæmd CIA-prófa. Í stað hefðbundinna fjögurra prófa skriflegra verða tekin fjögur próf á tölvu.

IIA hefur samið við fyrirtækið Pearson VUE um að þeir sjái um þetta tölvuvædda prófhald. Fræðslunefnd FIE mun því ekki lengur koma að því að halda prófin eins og verið hefur á undanförunum árum. Pearson VUE hefur mikla reynslu af því að halda tölvuvædd próf og hafa þeir m.a. haldið utan prófahald fyrir Microsoft

m.a. MCP, MCSE-prófin. Umboðsaðili Pearson VUE hér á landi er Tölvu- og verkfræðipjónustan (www.tv.is) Grensásvegi 16, 108 Reykjavík, og framvegis munu CIA-prófin væntanlega verða tekin í húsnæði fyrirtækis. Þetta breytta fyrirkomulag þýðir að hægt verður að taka CIA-prófin á tímum sem ætti að henta mönnum betur, en ekki bara á þessum tveimur föstu próftímum á ári eins og verið hefur. Fræðslunefndin hefur einungis frétt af þremur félagsmönnum sem ætla að

reyna við prófin í fyrsta skiptið á þessu ári. Það eru örugglega fleiri sem fyrirhuga að fara í próf á árinu. Gott væri ef þeir félagsmenn sem ætla í próf láti einhvern úr fræðslunefndinni vita þannig að nefndin geti komið á tengslum milli þeirra sem ætla í próf á svipuðum tíma. Þeir sem fara í próf á svipuðum tíma getur verið mikill stuðningur af því að geta leitað til annarra í sömu hugleiðingum. Nánari upplýsingar um CIA-prófin eru að finna á www.fie.is

